GJALDSKRÁ

Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna tóbaksvara og jurtavara til reykinga.

I. KAFLI
Gjöld vegna nýrra vörutegunda.

1. gr.
Gjöld vegna vörutegunda.

Framleiðandi eða innflytjandi sem hyggst bjóða til sölu nýja tegund tóbaksvöru eða jurtavöru til reykinga skal greiða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) gjald fyrir hverja vöru samkvæmt því sem að neðan greinir:

a. 112.500 kr. fyrir sígarettur eða vafningstóbak.

b. 105.800 kr. fyrir tóbaksvöru sem ekki er sígaretta eða vafningstóbak.

c. 70.300 kr. fyrir jurtavöru til reykinga.

Ef sígaretta eða vafningstóbak inniheldur aukefni á forgangslista samkvæmt reglugerð um útlit og viðvörunarmerkingar tóbaksvara, losun skaðlegra tóbaksefna, mæliaðferðir og skýrslugjöf, nr. 1250/2024, skal greiða 13.300 kr. til viðbótar gjaldi samkvæmt a-lið 1. mgr. Viðbótargjaldið skal standa undir kostnaði við mat á aukefnum samkvæmt c-lið 16. gr. c laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Gjöld samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. skulu standa undir kostnaði við:

a. sannprófun á mælingum á losun tóbaksvara samkvæmt a-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002,

b. móttöku, geymslu, meðhöndlun, greiningu og birtingu upplýsinga á vef ÁTVR samkvæmt b-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002,

c. framkvæmd eftirlits með merkingum og umbúðum vöru samkvæmt d-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002,

d. móttöku, geymslu, rannsóknir og eftir atvikum eyðingu á sýnishorni af vöru til að meta hvort ákvæðum laganna sé fylgt, t.d. ákvæðum um innihaldsefni, eiginleika, áhrif, merkingar, umbúðir o.fl., samkvæmt e-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002, og

e. framkvæmd eftirlits með einkvæmu auðkenni og öryggisþætti samkvæmt f-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002.

Gjald samkvæmt c-lið 1. mgr. skal standa undir kostnaði við:

a. móttöku, geymslu, meðhöndlun, greiningu og birtingu upplýsinga á vef ÁTVR samkvæmt b-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002,

b. framkvæmd eftirlits með merkingum og umbúðum vöru samkvæmt d-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002, og

c. móttöku, geymslu, rannsóknir og eftir atvikum eyðingu á sýnishorni af vöru til að meta hvort ákvæðum laganna sé fylgt, t.d. ákvæðum um innihaldsefni, eiginleika, áhrif, merkingar, umbúðir o.fl., samkvæmt e-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002.

Gjöld skv. 1. mgr. eru heildargjöld sem standa undir kostnaði ÁTVR af þeim verkþáttum sem taldir eru upp í 3. og 4. mgr. þegar þeir eru framkvæmdir í einu lagi og taka tillit til þess hagræðis sem hlýst af framkvæmd

þáttanna samtímis. Gjöld skv. 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. eiga sjálfstætt við þegar viðkomandi verkþáttur fellur til síðar, t.d. við breytingu á vörutegund.

II. KAFLI
Gjöld vegna skráningar.

2. gr.
Skráning tóbaksvara og jurtavara til reykinga.

Framleiðandi eða innflytjandi sem skráir nýja vöru eða breytir vöru þannig að áhrif hafi á áður gefnar upplýsingar skal afhenda ÁTVR upplýsingar um vöruna samkvæmt 6. gr. a laga nr. 6/2002, á rafrænu skýrslusniði í gegnum rafræna gagnagátt (EU-CEG), áður en varan er sett á markað. Greiða skal gjald fyrir hverja vöru samkvæmt því sem að neðan greinir:

a. 55.500 kr. fyrir sígarettur og vafningstóbak.

b. 48.800 kr. fyrir aðrar tóbaksvörur (t.d. vindla, píputóbak, vatnspíputóbak).

c. 48.800 kr. fyrir jurtavörur til reykinga sem innihalda ekki tóbak.

Ef sígaretta eða vafningstóbak inniheldur aukefni á forgangslista samkvæmt reglugerð nr. 1250/2024 skal greiða 20.000 kr. til viðbótar gjaldi samkvæmt a-lið 1. mgr. Viðbótargjaldið skal standa undir kostnaði við mat á aukefnum samkvæmt c-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002.

Gjöld samkvæmt 1. mgr. skulu standa undir kostnaði við móttöku, geymslu, meðhöndlun, greiningu og birtingu upplýsinganna á vef ÁTVR samkvæmt b-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002.

3. gr.
Gjald vegna upplýsinga um sölumagn tóbaksvara.

Framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara skulu eigi síðar en 1. mars ár hvert senda ÁTVR upplýsingar um sölumagn tóbaksvara hér á landi eftir vöruheiti og tegund samkvæmt 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 6/2002.

Framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara skulu árlega greiða gjald til ÁTVR samkvæmt b-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 er standa skal undir kostnaði við móttöku, geymslu, meðhöndlun og greiningu upplýsinga samkvæmt 1. mgr. að fjárhæð 18.500 kr. fyrir hverja vöru.

III. KAFLI
Gjöld vegna tilkynningar um nýja tóbaksvöru.

4. gr.
Gjald vegna tilkynningar um nýja tóbaksvöru.

Framleiðandi eða innflytjandi nýrrar tóbaksvöru sem sett var á markað eftir 19. maí 2014 og telst ekki til sígarettna, vafningstóbaks, píputóbaks, vatnspíputóbaks, vindla, smávindla, tuggutóbaks, neftóbaks eða munntóbaks, sbr. 19. tölul. 2. gr. laga nr. 6/2002, skal tilkynna ÁTVR um vöruna samkvæmt 6. gr. g sömu laga og reglugerðum settum með stoð í lögunum. Tilkynningu skal senda sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð og skal notast við rafrænan sendingarmáta í samræmi við 1. mgr. 2. gr.

Greiða skal gjald til ÁTVR fyrir hverja tilkynnta nýja tóbaksvöru að upphæð 685.400 kr.

Gjald samkvæmt 2. mgr. skal standa undir kostnaði af móttöku tilkynningar um vöruna og geymslu, meðhöndlun og greiningu upplýsinga sem fylgja henni samkvæmt 6. gr. g laga nr. 6/2002.

IV. KAFLI

Gjöld vegna eftirlits.

5. gr.

Gjald vegna rannsókna og sannprófunar á mælingum á losun tóbaksvara.

Framleiðandi eða innflytjandi skal greiða gjald til ÁTVR samkvæmt a-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna kostnaðar sem hlýst af sannprófunum á mælingum á losun tóbaksvara samkvæmt 6. gr. sömu laga.

Gjald fyrir hverja vöru skal nema 25.100 kr.

6. gr.

Gjald vegna eftirlits með merkingum og umbúðum.

Framleiðandi eða innflytjandi vöru skal greiða gjald samkvæmt d-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna framkvæmdar eftirlits með merkingum og umbúðum vöru samkvæmt 6. gr. c sömu laga að fjárhæð 45.100 kr. fyrir hverja tóbaksvöru og 38.500 kr. fyrir hverja jurtavöru til reykinga.

7. gr.

Gjald vegna meðhöndlunar á sýnishorni.

Rekstrar- eða smásöluaðili skal greiða gjald samkvæmt e-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna móttöku, geymslu, rannsóknar og eftir atvikum eyðingar á sýnishorni af vöru til að meta hvort ákvæðum laganna sé fylgt, t.d. ákvæðum um innihaldsefni, eiginleika, áhrif, merkingar, umbúðir o.fl.

Gjald fyrir hverja vöru skal nema 18.500 kr.

8. gr.

Gjald vegna eftirlits með rekjanleika tóbaksvöru.

Framleiðandi eða innflytjandi tóbaksvöru skal greiða gjald samkvæmt f-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna framkvæmdar eftirlits með einkvæmu auðkenni samkvæmt ákvæðum 6. gr. d sömu laga og reglugerðar um rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur, nr. 480/2025.

Gjald fyrir hverja tóbaksvöru skal nema 31.800 kr.

9. gr.

Gjald vegna eftirlits með öryggisþætti tóbaksvöru.

Framleiðandi eða innflytjandi tóbaksvöru skal greiða gjald samkvæmt f-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna framkvæmdar eftirlits með öryggisþætti tóbaksvara samkvæmt ákvæðum 6. gr. f sömu laga og reglugerðar nr. 1250/2024.

Gjald fyrir hverja tóbaksvöru skal nema 31.800 kr.

10. gr.

Gjald vegna eftirlits með skráningu rekstraraðila.

Rekstraraðili sem á aðild að viðskiptum með tóbaksvörur, frá framleiðanda til síðasta rekstraraðila áður en varan kemur á fyrsta smásölustað, skal greiða gjald samkvæmt f-lið 16. gr. c laga nr. 6/2002 vegna framkvæmdar eftirlits ÁTVR með skráningu hans samkvæmt 6. gr. e sömu laga og reglugerð nr. 1250/2024.

Gjald fyrir hvern aðila skal nema 45.100 kr.

V. KAFLI

Kostnaður sem hlýst af beitingu þvingunarúrræða.

11. gr.

Kostnaður vegna innköllunar og haldlagningar vöru.

Nú fyrirskipar ÁTVR innköllun vöru samkvæmt 16. gr. a laga nr. 6/2002 og skal þá rekstrar- eða smásöluaðili greiða gjald að fjárhæð 169.500 kr. fyrir hverja vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal rekstrar- eða smásöluaðili greiða allan kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn, geymslu og prófun, svo og annan kostnað.

Nú haldleggur ÁTVR vöru samkvæmt 19. gr. a laga nr. 6/2002 og skal þá handhafi hennar greiða gjald að fjárhæð 256.100 kr. Jafnframt skal handhafi greiða gjald að fjárhæð 250 kr. fyrir hvern dag sem vörubretti með haldlögðum vörum er í geymslu ÁTVR. Þá skal handhafi greiða gjald fyrir eyðingu vöru, þegar við á, að fjárhæð 22.200 kr., auk 222 kr. á hvert kg af vöru.

Reikningur vegna kostnaðar samkvæmt þessari grein skal gefinn út þegar ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða liggur fyrir.

VI. KAFLI

Framkvæmd eftirlits og gjaldtöku.

12. gr.

Framkvæmd eftirlits.

ÁTVR hefur eftirlit með rekstraraðilum, tóbaksvörum og jurtavörum til reykinga við skráningu vöru hér á landi og síðar af sérstöku tilefni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða í kjölfar ábendinga frá heilbrigðisnefndum eða öðrum aðilum um frávik frá lögbundnum kröfum. Eftirlit ÁTVR með vöru getur, í hvert sinn, tekið til allra efnisatriða 1.–9. gr. eða hluta þeirra.

Innflytjendum og framleiðendum er tilkynnt um niðurstöðu eftirlits og er reikningur gefinn út samtímis.

13. gr.

Tímagjald vegna viðbótarvinnu.

Til viðbótar gjaldtöku samkvæmt 2.–11. gr. gjaldskrár þessarar er ÁTVR heimil álagning og innheimta tímagjalds þegar framkvæmd stakra verkþátta útheimtir vinnuframlag sem víkur verulega frá því sem almennt gildir, s.s. vegna ófullnægjandi gagna eða gagnaskila, mikils umfangs gagna eða mikils flækjustigs eða ef aðili torveldar framkvæmd ÁTVR. Skal þá tímagjald lagt ofan á viðeigandi gjaldaliði.

Tímagjald samkvæmt 1. mgr. skal vera 26.677 kr. fyrir vinnu sérfræðings og 14.778 kr. fyrir vinnu almenns starfsmanns á hverja klukkustund.

ÁTVR skal greina aðila frá gjaldtöku samkvæmt þessari grein með rökstuddum hætti. ÁTVR skal gefa aðila kost á að bæta úr gagnaskilum eða draga skráninguna til baka innan 14 daga, kjósi hann það fremur en að greiða tímagjald vegna viðbótarvinnu.

VII. KAFLI

Innheimta og gildistaka.

14. gr.

Innheimta og gjalddagi.

ÁTVR innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjalddagi gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjöldin eru óafturkræf. Gjöldin eru aðfararhæf.

15. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. c laga nr. 6/2002, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef vara er þegar á markaði við gildistöku gjaldskrár þessarar skulu upplýsingar samkvæmt 2. gr. afhentar ÁTVR eigi síðar en 1. desember 2026 á rafrænu skýrslusniði í gegnum rafræna gagnagátt (EU-CEG) og greiðist þá gjald samkvæmt 2. gr. gjaldskrár þessarar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 20. október 2026.

Alma D. Möller.

Sigurður Kári Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2026